

Vorferð 9. bekkja í Vatnaskóg

31.maí - 1. júní 2018

Nemendur – aðstandendur

Tilfni þessa bréfs er kynning á fyrirhugaðri útivistar- og skemmtiferð 9. bekkja á vegum Garðalundar í Vatnaskóg. Líkt og undanfarin ár verður farið frá Garðaskóla **fimmtudaginn 31. maí kl. 8.30** og ekið sem leið liggur í Vatnaskóg. Áætluð heimkoma er um kl. 14.00 **föstudaginn 1. júní**.

Á dagskrá er útivist, náttúruskoðun, vatnafjör, t.d. tuðrudráttur, göngur og gleði í góðra vina hópi.

Ferðakostnaður er **krónur 13.000**. Inni í því verði eru ferðir og gisting í Vatnaskógi, aðstaða í íþróttahúsi, heitir pottar, bátar, vatnafjör o.fl. Einnig hádegismatur, kaffi og kvöldmatur fyrri daginn og morgunmatur og hádegismatur seinni daginn.

Greiðslutilhögun: Sá aðstandi sem er skráður nr.1 í Innu fær valgreiðslu í heimbankann sinn. Greiða þarf gjaldið í síðasta lagi föstudaginn 18. maí. Ef valgreiðsla birtist ekki, vinsamlegast hafið samband við starfsmenn Garðalundar, gunnarrich@gardabaer.is Ef nemandi fer ekki í ferðina fellur greiðslan niður miðvikudaginn 23. maí. Nemendur sem ekki skrá sig í vorferðina mæta í Garðaskóla skv. stundaskrá þennan dag.

GREIÐSLA ÞÁTTTÖKUGJALDS JAFNGILDIR SAMÞYKKI FORRÁÐAMANNA FYRIR FERÐINI OG LEYFISBEIÐNI FRÁ SKÓLA ÞENNAN DAG

Vinsamlegast tilkynnið umsjónarkennara um ofnæmi og ef nemendur eru með sérþarfir sem þarf að huga að í undirbúningi ferðarinnar.

Fararstjórar vilja minna á að almennar reglur um hegðun og framkomu og krafa um góða umgengni gilda í ferðalögum á vegum skóla og félagsmiðstöðvar. Athugið að brot á reglum getur þýtt heimför á eigin kostnað. Unglingar sem farið hafa í ferðir á vegum félagsmiðstöðvar og skóla hafa nánast undantekningarlaust staðið sig með sóma og væntum við þess að svo verði áfram.

Nauðsynlegur útbúnaður:

- Góða skapið ☺
- Hlý og góð útiföt
- Fatnað og íþróttafatnað til skiptanna
- Svefnpoki (eða sæng), kodd og lak
- Dýnur eru á staðnum
- Sundföt ef vill; heitir pottar á staðnum
- Snyrtidót/tannbursti/handklæði/sólarvörn
- Spil, bolti og annað til dægrastyttingar
- Leikmunir er tengjast kvöldvökum og öðrum upþakomum

Fararstjórar:

Margrét Bettý
Halla
Kristján Hrafn
Kristín Sigrún
Ragnheiður Ásta
Rúna Björk
Sylvía Bergljót
Ari